



Reykjavík 11.06.2020

Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 10. júní 2020 varðandi eftirfarandi mál.

#### **Vesturbæjarsundlaug - Hofsvallagata 54**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram umsókn Skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 21. júní 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. Í breytingunni felst að komið er fyrir hundagerði á lóðinni, núverandi grenndargámastöð er fest í sessi og bílastæðum fækkað lítillega, samkvæmt uppdr. Eflu dags. 20. febrúar 2020 br. 26. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 31. mars 2020 til og með 12. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Anna Kristín Sigurðardóttir forstöðumaður Vesturbæjarlaugar og Nauthólsvíkur dags. 30. mars 2020, Þórhallur Ólafsson dags. 17. apríl 2020, Júlíana Björnsdóttir og fjölskylda dags. 19. apríl 2020, Ingunn A. Ingólfssdóttir dags. 19. apríl 2020, Sigurður Oddgeir Sigurðsson dags. 20. apríl 2020, Drífa Hansen dags. 21. apríl 2020, Guðrún Þórarinsdóttir, 21. apríl 2020, Ástrós Eva Einarsdóttir dags. 21. apríl 2020, Sunna Sasha dags. 21. apríl 2020, Aldís Amah Hamilton dags. 21. apríl 2020, Alda Sigmundsdóttir dags. 22. apríl 2020, Sigurlaug Bragadóttir dags. 24. apríl 2020, Vala Árnadóttir dags. 24. apríl 2020, Fríða Þorkelsdóttir dags. 24. apríl 2020, Ívar Kristjánsson dags. 25. apríl 2020, Berglind Borgþórsdóttir dags. 25. apríl 2020, Ásdís Elva Pétursdóttir dags. 26. apríl 2020, Ingibjörg Anna Arnarsdóttir dags. 27. apríl 2020, Freyja Kristinsdóttir f.h. stjórnar FÁH dags. 29. apríl 2020, Ólafur Hauksson dags. 5. maí 2020, Jón Skaftason dags. 11. maí 2020, Páll Kristjánsson formaður Knattspyrnudeildar KR dags. 11. maí 2020, Ásgerður Ragnarsdóttir og Stefán A. Svensson dags. 11. maí 2020, Jón Eiríksson og Þórunn Þórisdóttir dags. 12. maí 2020, Birgir Þ. Jóhannsson, Ásta Olga Magnúsdóttir og Björn Karlsson dags. 12. maí 2020, Gísli Marteinn Baldursson dags. 12. maí 2020 og íbúaráð Vesturbæjar dags. 22. maí 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2020.

*Samþykkt að falla frá breytingu á deiliskipulagi sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2020.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun: Mikilvægt er að vanda til verka þegar kemur að aðstöðu fyrir ferfætta íbúa borgarinnar. Tillagan er dregin til baka og samþykkt að ráðast í heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins. Betur þarf að samræma fjölbreytta nýtingu svæðisins, hvort sem um er að ræða staðsetningu grenndargáma, veitingaaðstöðu, bíla- og hjólastæði, útivist eða aðra þætti.*



*Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:  
Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að skipulagsyfirvöld hafi séð að sér, séð að þetta hundagerði var illa hannað og skipulagt. Nú hefur verið fallið frá því. Versta er að skipulagsyfirvöld skuli ekki hafa hlustað á hundaeigendur og varúðarorð fjölmargra. Nú er búið að eyða tíma og féi borgarbúa í eitthvað sem var fyrirfram dæmt. Hönnun þessa hundagerðið var frá byrjun gölluð. Flokkur fólksins lagði fram margar bókanir og athugasemdir og hverju þyrfti að breyta til að gera gerðið fullnægjandi, bæði um stærð, lögun og girðingu. En lengi var skellt skolleyrum við. Og hvað nú? Á ekki að setja niður hundagerði? Almennt má segja að viðhorf til hundaeigenda er áberandi neikvætt hjá skipulagsyfirvöldum í borginni. Ekki er hægt að setja upp almennilegt hundagerði en hægt er að hirða árlegt hundaeftirlitsgjald af hundaeigendum sem sannarlega er ekki notað í þágu hundaeigenda og hundanna.*


*Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

E.h. umhverfis- og skipulagssviðs

*Glóey Helgudóttir, Finnsdóttir.*

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. Eflu dags. 20. febrúar 2020 br. 26. maí 2020, innkomnar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2020.



HEITI SKIPULAGS: DEILISKIPULAG VESTURBÆJARLAUGAR, mkv u.p.b. 1:700  
 GILDANDI DEILISKIPULAGI SAMÞYKKT Í BORGARÁÐI 27. APRÍL 2004 OG BIRRT Í B-DEILD  
 STJÓRNARTÍÐINDA PANN 6 JÚNÍ 2005.



TILLAGA AÐ BREYTTU SKIPULAGI VESTURBÆJARLAUGAR MKV 1 : 700  
 Breytingin felst í því að bílastæðum er fækkað á torgi framan við aðalinnangang, þannig að torgið er rýmra. Bílastæði alls voru 105, en eru nú 84.  
 Staðsetning grenndargáms er sett við enda götu. Byggingareitur er ekki skilgreindur fyrir Veitingasölu á lóð (Hagavagninn), en heimild er fyrir að  
 byggingarmagn Veitingasölu (Hagavagnisins) sé að hámarki 37m<sup>2</sup>, brúttóflötur. Stækkunarmöguleikar ekki leyfdir.

O:\RI\Reykjavíkurborg\FramkvæmdaEignasvið 3336\_3336\1061\_Vesturbæjarlaug Deiliskipulag\75-Landslagsarkitekt\1061mun9.dwg

Tákn	Skýringar
	Mörk deiliskipulags
	Veitingavegur
	Sundlaug vesturbæjar
	Byggingareitur í sundlaugarbyggingu
	Byggingareitur nýbyggingar
	Núverandi byggingar
	Núverandi byggingar sem á að fjarlægja
	Sundlaugargerður
2 Opín svæði	
Tákn	Skýringar
	Leiksvæði
	Sparkvöllur
	Grenndargámar
	Opín svæði
3 Sangöngur	
Tákn	Skýringar
	Irtekkista
	Núverandi göngustígar
	Málarstígur 1.2m - leiðbeinandi lega
	Málarstígur 2m - leiðbeinandi lega
	Kúð um gönguleingi
	Bílastæði
	Gangbraut
	Rekstrarakoma
5 Lóð	
Tákn	Skýringar
	Ný lóðarmörk sundlaugar
	Núverandi hæðarlínur
	Nýjar hæðarlínur
	Stærð lóðar í fermetrum
	Fjöldi bílastæða
6 Byggingareitur	



Hluti af aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

## VESTURBÆJARLAUG - DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Breyting: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Teikn: Yfir:  
 A Fyrirhugað 400 fm hundagerði á lóð 26.05.2020 MS PJ  
 er fellt út.



### VESTURBÆJARLAUG DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS

VERK: 3336-1061    BLADSTÆRD: A1    UNNID: MS    RÝNT: PJ

DAGS: 20.02.2020    MÆLIKVARDI: 1:700    DAGS BREYTT: 26.05.2020

Samþykkt:

Uppruni korts: Lukr  
 landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar  
 Hnitakerfi: ISNET 93

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferði í

samræmi við ákvæði 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga

nr.123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_

þann \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_\_ og í \_\_\_\_\_

þann \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_\_

með althugasemdafrestri til \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B deild

Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_\_.



Tákn	Skýringar
	Núverandi byggingar
	Verslun og þjónusta
	Ný lóðarmörk sundlaugar
	Mörk deiliskipulags
	Sundlaug vesturbæjar
	Sundlaug vesturbæjar - nýbygging
	Sundlaugargarður
	Opló svæði
	Torg
	Gras
	Leiksvæði
	Grenndargámur
	Trjágróður
	Innkeysla
	Kvæð um göngutengsl
	Bílastæði
	Gangbraut
	Fjöldi bílastæða
	Núverandi hæðarlínur
	Nýjar hæðarlínur
	Núverandi göngustígar
	Göngustígur

Breyting: A Fyrirhugað 400 fm hundagerði á lóð er fellt út. Dags: 26.05.2020 Teikn: Yfir: MS PJ



**VESTURBÆJARLAUG  
SKÝRINGARUPPDRATTUR  
TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS**

VERK: 3336-1061 BLADSTÆRD: A1 UNNID: MS RÝNT: PJ

DAGS: 20.02.2020 MELIUVARÐI: 1:500 DAGS BREYTT: 26.05.2020

Samþykkt:

Uppruni korts: Lukr landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar  
Hnitakerfi: ISNET 93

O:\R\Reykjavíkurborg\Framkvæmda\Eignasíð 3336\_3336\1061\_Vesturbæjarlaug Deiliskipulag\75\_Landslagsarkitektúr\hórnun9.dwg

**VESTURBÆJARLAUG - SKÝRINGARUPPDRATTUR**



## USK Skipulag

---

**Frá:** Anna Kristín Sigurðardóttir  
**Sent:** mánudagur, 30. mars 2020 11:53  
**Til:** USK Skipulag; Steinþór Einarsson; Guðrún Arna Gylfadóttir  
**Efni:** deildarskipulag við Vesturbæjarlaug  
**Viðhengi:** Vesturbæjarlaug athugasemdir við nýtt deildarskipulag 2020.docx

Sæl(l)

í viðhengi eru nokkrar athugasemdir við nýtt deildarskipulag ☺

**Bestu Kveðjur**

**Anna Kristín Sigurðardóttir**

**Forstöðuman Vesturbæjarlaug og Nauthólsvík**




---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Samkvæmt teikningum virðast vera mun fleiri bílastæði en raun ber vitni.



Væri frábært ef steiptur kantur fjær Hofsvallagötu yrði fjarlægður og þar bætt við fleiri stæðum. Sérstaklega bráðvantar stæði fyrir skólarútur sem koma með börn í skólasund og væri kjörið að slíkt stæði kæmi t.d. þarna. Skólabílarnir eiga í miklum erfiðleikum með að athafna sig á bílastæðum við laugina eins og þau eru núna. Hefur þetta haft í för með sér skemmdir á gangstéttarköntum, árekstra og almenna slyshættu.



Grendargámarnir mættu endilega vera færðir annað þar sem auðveldara er að fá stæði. Fólk á erfitt með að komast að þeim auk þess sem þeir eru engin prýði fyrir svæðið.

Ef eitthvað er þá mætti frekar fjölga en fækka stæðum. Hér er oftast en ekki búið að leggja bílum ólöglega upp á gras og þar sem rekstraraðkoma fyrir laugina er. Einnig væri gaman að sjá nokkur stæði fyrir rafbíla.

Við aðkomu sjúkrabíreiða eru 2 stæði fyrir fatlaða auk 4 almennra stæða. Þetta er ekki í takt við það sem teikningarnar sýna. En á báðum teikningum eru fjöldi stæða sem ekki eru til staðar í raun og veru.








## USK Skipulag

---

**Frá:** Þórhallur Ólafsson  
**Sent:** föstudagur, 17. apríl 2020 12:37  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Vegna auglýsingar Vesturbæjarsundlaug <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/vesturbajarsundlaug-hofsvallagata-5>

**Eftirfylgniflagg:** Fylgja eftir  
**Flaggstaða:** Lokið


Í deiliskipulagsupprætti fyrir Vesturbæjarsundlaug - Hofsvallagata 5 kemur fram að sparkvöllur (merktur S) eigi að vera í horni Sundalugatúns, sjá skjáskot



## 2 Opin svæði

Tákn	Skýringar
	Leiksvæði
	Sparkvöllur
	Hundagerði
	Grenndargámar

Á skýringarupprætti er lega sparkvallarins sýnd og er hún ekki í samræmi við venjulegan fótboltavöll. Mætti því laga og setja inn völl með fjórum hornum (18x33) og eins legu marka. Til að sparkvöllurinn nýtist sem best er lagt að setja batta á völlinn og minnkar það líkur á að bolti berist í nærliggjandi garða. Þá mætti setja inn yfirborð vallar sem yrði líklega upphitað gervigras



Að auki legg ég til að stækka leiksvæði barna og setja ærslabelg/hoppudýnu sambærileg þeirri sem er í fjölmörgum bæjarfélögum og í Fjölskyldgarðinum. Fjórar rólur, kastali og rennibraut er það sem núna er inni á uppdrætti en ná mætti til stærri hóps með því að höfða til eldri barna en á leikskólaaldri og er ærslabelgur tilvalið aðdráttarafl á leiksvæði í miðju hverfis.

Vinsamlega staðfesti móttöku ábendinga

## USK Skipulag

---

**Frá:** Júlíana Björnsdóttir  
**Sent:** sunnudagur, 19. apríl 2020 17:01  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Sundlaugatún Vesturbæjar - athugasemd vegna hundagerðis

Komið sæl,

Ég heiti Júlíana Björnsdóttir og kem á framfæri athugasemdium mínum er varðar framkvæmd á hundagerði þar.

Ég hef verið þess heiðurs njótandi að eiga dásamlegan hund í Vesturbænum í átta ár núna og hef því oft pirrað mig yfir aðgerðarleysi borgarinnar í málefnum hundaeiganda. Margoft hefur verið reynt að koma á framfæri athugasemdum og beiðnir um aðstöðu fyrir hundaeigendur á vesturbæjartúninu. Samfélag hundaeiganda hefur hist þar í mörg ár og núna sér fyrir endanum á baráttunni að fá löglega aðstöðu þar.

En sem stendur er því miður ekki hægt að segja að þetta sé góð tillaga. Staðsetning þess er í fyrsta lagi hættuleg hundum og barnafólki svona nálægt götunni. Það er verið að taka af okkur túnið að mínu mati fyrir ódýra lausn. Sem móðir smábarns get ég sagt að það væri mér verulegt áhyggjuefni að fara með hana og hundinn minn á þetta svæði í göngutúrum okkar fjölskyldunnar enda beinlínis býður staðsetningin upp á slys vegna nándar við götuna.

Hjólabrautin átti aldrei að lenda þarna og margir mjög óánægðir með hana enda nýtist hún einungis lítin hluta ársins vegna veðurfars. Það segir sig sjálft og plássið sem tapast mikið. Ég hef sjálf séð krakka renna í hálkunni á brautinni yfir veturinn og því slyshættan mikil.

Það er mér óskiljanlegt að ekki sé hægt að hafa almennilegt pláss fyrir hundaeigendur á sjálfu túninu, ekki lengst frá hólunum sem hundarnar hafa hvað mest gaman af að hlaupa upp og niður.

Ungir hundar í Vesturbænum munu ekki fá að njóta sömu lífsgæða með gerðið þarna né barnafjölskyldur sem sækja svæðið með börnin sín og hunda ef að þessar áætlanir ganga eftir.

Reykjavíkurborg hefur komið illa fram við hundaeigendur í gegnum árin og ekki mikil breyting framundan. Mér finnst leiðilegt að þurfa að segja erlendum vinum sem spyrjast fyrir hvort ekki sé gott að eiga hund í Reykjavík að svo sé ekki. Ég hef beinlínis ráðlagt fólk að flytja ekki hingað með hundinn sinn. Minn næsti hundur mun svo sannarlega ekki þurfa að alast upp í borg eins og Reykjavík því ég vil bjóða dóttir minni upp á að geta farið með hundinum sínum á opið svæði og leikið sér að vild með loð-systkini sínu án þess að þurfa að hafa áhyggjur af slyshættum þegar hún kemst til vits. Ég vil líka geta farið með alla fjölskylduna mína í allskonar leiðangra.

Stærð hundagerðisins er þar að auki skammarlega lítil, minni að mér skilst en hundagerðið við BSÍ (sem er svo því sé komið á framfæri stórhættulega staðsett og allt of lítið). Hundagerðið við BSÍ er alltof lítið og það er mér ráðgáta af hverju ekki er hægt að setja upp stórt og veglegt hundagerði þar sem heilu fjölskyldurnar geta komið saman á þessu svæði. Það er nokkuð ljóst að skipuleggjendur bakvið þessa hugmynd og hundamál í Reykjavík hafa sumir hverjir lítið vit á hundum.

Ég vona svo sannarlega að viðhorf til hundafjölskyldna fari að breytast. Hundar eru fjölskyldumeðlimir okkar og við viljum hafa aðstöðu fyrir þá eins og börnin okkar.

Ef að ekki er hægt að koma því að setja upp góða aðstöðu fyrir hundafólk á svæðinu þá finnst mér sniðugra að skoða uppsetningu stórs hundasvæðis á Ægissíðu þar sem aðgangur að sjó er mikilvæg heilsubót fyrir hundana.

Þakkir fyrir áheyrnina.  
Virðingarfyllst,

Júlíana Björnsdóttir og fjölskylda

## USK Skipulag

---

**Frá:** Ingunn Ingólfssdóttir <[redacted]>  
**Sent:** sunnudagur, 19. apríl 2020 17:13  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Hundagerði

Góðan dag. Ég heiti Ingunn Anna Ingólfssdóttir Kt. [redacted] og er hundaeigandi. Ég leyfi mér að mótmæla bæði staðsetningu og stærð hundagerðis við Vestubæjarlaug. Það væri áægjulegt ef borgaryfirvöld sæju sér fært að fara að óskum íbúa enda eruð þið fulltrúar okkar og í okkar umboði. Svar væri vel þegið.

Viðringarfyllst,  
Ingunn A. Ingólfssdóttir



## USK Skipulag

---

**Frá:** Sigurður Oddgeir Sigurðsson  
**Sent:** mánudagur, 20. apríl 2020 17:13  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Hundagerði við Sundlaugartún við Vesturbæjar Sundlaug

Sæl

Sem fyrrverandi hundaeigandi af stór hundi ( Golden Retriever) þá mótmæli ég þessu hundagerði sem fyrirhugað er að setja niður á svokölluðu sundlaugartúni við Vesturbæjarlaug.

Þegar hugmyndin í hugmyndasamkeppninni var samþykkt þá sáum við hundaeigendur í Vesturbænum fram á að nú yrði loksins möguleiki fyrir okkar hunda að hreyfa sig nægjanlega í góðum samlæti við aðra hunda. Það er nú svo að svona stórir hundar þurfa að fá hreyfingu sem eigandinn getur ekki látið þá hafa í venjulegri göngu með taum. Hundar vilja hlaupa á sínum hraða og helst í leik við aðra. Það er þeim gríðarlega mikilvægt að geta verið innan um aðra hunda og leikið sér.

Svæðið er stórt og hefur verið nýtt sem hundasvæði í góðu samkomulagi við aðra sem hafa viljað nýta túnið í annað s.s. að renna sér á sleða. Hundaeigendur hafa undatekningarlaust látið sig hverfa ef einhver hefur komið og viljað renna sér.

Það hefur enginn talað um það að það þurfi að taka allt svæðið undir hundagerði heldur bara hluta af þessu svæði sem enginn virðist hafa áhuga á að nýta nema við hundaeigendur. Krakkarnir vilja ekki einu sinni sjá þessa hjólabraut sem var sett niður í skjóli nætur fyrir einhverjum misserum.

Að bjóða hundaeigendum upp á 400fm hundagerði (sem ég vil nú frekar kalla frímerki) fyrir stór hunda lýsir náttúrulega bara þeim sem taka svona ákvarðanir. Þeir þekkja greinilega ekki þarfir slíkra hunda. Eru í algjörri afneytun eða þola ekki hunda almennt. Ég velti því fyrir mér hvaða rannsóknir standa þarna á bakvið ef þá einhverjar því þær myndu staðfesta hið gagnkvæma. Þ.e. stórir hundar þurfa pláss.

Virðingarfyllt,

Sigurður Oddgeir Sigurðsson





## USK Skipulag

---

**Frá:** Drífa Hansen  
**Sent:** þriðjudagur, 21. apríl 2020 09:17  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Hundagerði við Vesturbæjarlaug

Hæ,

Mig langar að koma á framfæri óánægju minni með hundagerðið sem setja á upp við Vesturbæjarlaug. Ég kom þessari hugmynd inn í kosninguna á sínum tíma og þetta var alls ekki það sem ég hafði í huga. Hundagerðið er ALLT OF lítið og mun nýtast illa eða alls ekki fyrir hundaeigendur. Auk þess er það allt of nálægt bílastæðinu. Þetta verður eina aðstaðan fyrir hundaeigendur á mjög stóru svæði og yrði kærkomið ef vel væri að þessu staði því það eru jú virkilega margir hundaeigendur á þessu svæði. Margir hafa nýtt sér túnið bak við sundlaugina til þess að sleppa hundum sínum lausum og sáu það fyrir sér að það tún yrði tekið að mestum hluta í hundagerðið! Hundagerði í borginni eru því miður flest ef ekki öll í þessa veru – er ekki mál að linni og að sá stóri hópur sem hundaeigendur eru fáir loks aðstöðu við hæfi?

Bestu kveðjur,  
Drífa Hansen broskabiálfi, leik-og grunnskólakennari.

Leikskólinn Sólborg  
Vesturhlíð 1.



## USK Skipulag

---

**Frá:** Guðrún Þórarinsdóttir  
**Sent:** þriðjudagur, 21. apríl 2020 19:07  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Hundagerði

Góðan daginn. Ég vildi koma því fram að núverandi tillaga að stærð hundagerðis við Vesturbæjarlaug er alls ekki nógu góð og gefur hundunum alls ekki það "frelsi" sem þeir þurfa til þess að njóta sín innan girðingarinnar. Ég hvet ykkur til að endurskoða þessa áætlun og hlýða á tillögur hundaeigenda í sem hafa nú þegar kosið (og fengið samþykkt) talsvert stærra gerði á þessu svæði. Til hvers að hafa þessar kosningar ef ekki á að virða niðurstöður þeirra? Virðingarfyllt,  
Guðrún Þórarinsdóttir, íbúi í Vesturbæ



## USK Skipulag

---

**Frá:** Ástrós Eva Einarsdóttir  
**Sent:** þriðjudagur, 21. apríl 2020 19:07  
**Til:** USK Skipulag  
**Afrit:** Marta Grettisdóttir  
**Efni:** Hundagerði

Góðan daginn.

Ég vildi koma því fram að núverandi tillaga að stærð hundagerðis við Vesturbæjarlaug er alls ekki nógu góð og gefur hundunum alls ekki það “frelsi” sem þeir þurfa til þess að njóta sín innan girðingarinnar. Ég hvet ykkur til að endurskoða þessa áætlun og hlýða á tillögur hundaeigenda í sem hafa nú þegar kosið (og fengið samþykkt) talsvert stærra gerði á þessu svæði.

Til hvers að hafa þessar kosningar ef ekki á að virða niðurstöður þeirra?

Virðingarfyllt,

Ástrós Eva



## USK Skipulag

---

**Frá:** Sunna Sasha ·  
**Sent:** þriðjudagur, 21. apríl 2020 19:32  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Fwd: Hundagerði við vesturbæjarlaug

----- Forwarded message -----

From: **Sunna Sasha** ·  
Date: Tue, 21 Apr 2020 at 19:30  
Subject: Hundagerði við vesturbæjarlaug  
To: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) <[skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)>  
Cc: [marta.grettisdottir@reykjavik.is](mailto:marta.grettisdottir@reykjavik.is) <[marta.grettisdottir@reykjavik.is](mailto:marta.grettisdottir@reykjavik.is)>

Góðan daginn.

Ég vildi koma því fram að núverandi tillaga að stærð hundagerðis við Vesturbæjarlaug er alltof lítil..! Úr fyrirhuguðum 2000fm niður í 600fm.. Ég er meira en hlynnt því að hafa hjólabrettabraut, rétt eins og var til staðar á hjartatorginu í miðbæ Reykjavíkur sem er enn sárt saknað, en það eru sáralítið um möguleika fyrir hunda að vera lausir og njóta einhvers konar frelsi utandyra..

Ég hvet ykkur því eindregið til að endurskoða þessa áætlun og hlýða á tillögur hundaeigenda í sem hafa nú þegar kosið (og fengið samþykkt) talsvert stærra gerði á þessu svæði.

Virðingarfyllst,  
Sunna Sasha





## USK Skipulag

---

**Frá:** Aldís Amah Hamilton  
**Sent:** Þriðjudagur, 21. apríl 2020 20:40  
**Til:** USK Skipulag  
**Afrit:** Marta Grettisdóttir  
**Efni:** Varðandi hundagerði í Vesturbæ

Góðan daginn.

Ég get vart orða bundist. Samkvæmt því sem ég hef nýlega lesið á að reisa hundagerði við Vesturbæjarlaug sem mun vera einhverja 400 fermetra að stærð. Það er óásættanlegt, en eins og fram hefur komið á fundi skipulags- og samgönguráðs er svona lítið gerði KANNSKI nóg fyrir nokkra smáhunda í einu, en í Vesturbænum og almennt í Reykjavík eru hundar af öllum stærðum og gerðum. Þeir þurfa að fá að hlaupa lausir saman og í sundur ásamt því að fá pláss til að leika sér við eigendur eða bara vera einir. Því má ekki gleyma að eigendur þurfa líka almennilegt pláss innan gerðisins til að sinna hundunum.

Hundar hafa sínar þarfir og er tilvera þeirra nógu heft eins og er með því að hafa þá í taumi alls staðar.

Það var kosið um hundagerði og það samþykkt á allt öðrum forsendum en reynt er að komast upp með hér. Ég vísa í þessa ágætu samantekt frá Guðfinnu Kristinsdóttur.

[https://www.hundasamfelagid.is/hundagerdi-faert-og-minnkad-fyrir-hjolabraut/?fbclid=IwAR2imjgZ4QiXnb3qWkDQG2jneemFasn-GdrwMWW5BTel7GBviAAzv\\_VcrSE](https://www.hundasamfelagid.is/hundagerdi-faert-og-minnkad-fyrir-hjolabraut/?fbclid=IwAR2imjgZ4QiXnb3qWkDQG2jneemFasn-GdrwMWW5BTel7GBviAAzv_VcrSE)

Ég og margir fleiri hundaeigendur förum fram á að þessari tillögu verði breytt og að gerðið verði ekki minna en 2000 fermetrar. Það er algjört lágmark og nær því sem var samþykkt fyrir nokkru síðan. Það er skylda borgarinnar að virða niðurstöðu íbúakosningar. Til hvers er hún annars?

Ég vona að borgin sjáið sér sóma í því að breyta þessu deiluskipulaxqgi og standa við kosningu íbúa þar sem almennilegt hundagerði var samþykkt á því svæði sem síðan var sett upp hjólabraut. Þess má geta að sú braut nýtist illa góðan part af árinu vegna veðurs og er reyndar stórhættuleg þegar blautt er (sem gerist reglulega hér á landi).

Virðingarfyllst,  
Aldís Amah Hamilton



## USK Skipulag

---

**Frá:** Alda Sigmundsdóttir  
**Sent:** miðvikudagur, 22. apríl 2020 12:39  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Hundagerði við Vesturbæjarlaug

Til þess er málið varðar:

Sem íbúi og hundaeigandi í Vesturbæ Reykjavíkur mótmæli ég harðlega áformum Borgarinnar um að reisa 400 fm. hundagerði við Sundlaug Vesturbæjar.

Í mörg ár kusum við hundaeigendur í Vesturbæ með tillögu um að setja hundagerði fyrir aftan Vesturbæjarlaug, enda hafa hundaeigendur lengi stundað það að hittast á túninu með hunda sína þar sem ekkert hundagerði er til staðar á svæðinu. Töldum við að þetta væri besti kosturinn í stöðunni þar sem túnið er afskekkt og lítið notað af almenningi, og hundar væru þá ekki að þvælast lausir fyrir þeim sem ekki kærðu sig um að vera í návígi við þá.

Það vakti því mikla gleði þegar það var loksins tilkynnt, eftir að hafa kosið með þessari tillögu í mörg ár, að hundarnir okkar myndu loksins fá sitt svæði, eyrnamerkt fyrir þá, þar sem þeir gætu fengið að hlaupa lausir, elta bolta, hitta aðra hunda, og almennt fá þá útrás sem þeir þurftu til þess að geta lifað góðu og heilbrigðu lífi.

Skiljanlega vakti það þess vegna mikla reiði þegar ekkert hundagerði kom, en í staðin var sett niður hjólabraut á þeim stað þar sem hundarnir áttu að fá sitt svæði. Enn og aftur voru óskir og þarfir hunda og hundaeiganda hundsáðar.

Núna virðist borgin ætla að – jú – “koma til móts” við kröfur okkar um gerði, en með því að úthluta okkur eitthvað pínulítið frímerki við hlið laugarinnar sem gagnast nákvæmlega engum.

Ég þori að fullyrða það að enginn hundaeigandi, nema mögulega eigendur smáhunda, munu nýta sér þetta gerði. Í staðinn munu hundaeigendur finna sér annað tún af þokkalegri stærð til að hleypa hundum sínum lausum – vissulega í trássi við lög, en hvaða valkost hafa þeir? Enginn hundur getur hlaupið um eða leikið sér á 400 fm frímerki, og fyrst borgin sýnir af sér slíka forkastanlega framkomu við hundageigendur má sannarlega, að mínum dómi, réttlæta borgaralega óhlýðni af þessu tagi.

Það að borgin ætli að “redda sér” út úr þessum aðstæðum með því að bjóða upp á þessa “lausn” er ekkert annað en sýndarmennska.

Ég minni á það, að hundaeigendur á höfuðborgarsvæðinu hafa greitt **meira en milljarð** í hundaleyfisgjöld á síðustu 12 árum, en fá nánast enga þjónustu fyrir hunda sína á móti. Það er með öllu ósættanlegt, og að þarfir og óskir hundaeiganda séu endalaust látnar sitja á hakanum.

Ég skora á borgaryfirvöld að draga áform þessi um hundagerði til baka, og í stað þess úthluta hundaeigendum stóra svæðið fyrir aftan laugina til afnota, en láta sparkvöll og/eða hjólabraut vera þar sem hundagerðið er áformað nú. Að öðrum kosti að hætta alfarið við áform um hundagerði við Vesturbæjarlaug.

Virðingafyllst,

Alda Sigmundsdóttir

--

**Alda Sigmundsdóttir** | Little Books Publishing | Enska textasmiðjan slf.  
Framnesvegur 63 | 101 Reykjavík |

| [Amazon author page](#) | [Facebook](#) | [Twitter](#) | [Instagram](#)

-->

## USK Skipulag

---

**Frá:** Sigurlaug Bragadóttir  
**Sent:** föstudagur, 24. apríl 2020 17:12  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Hundagerði við Vesturbæjarlaug

EFNI: Hundagerði við Vesturbæjarlaug

Til þess er málið varðar:

Sem íbúi og hundaeigandi í Vesturbæ Reykjavíkur mótmæli ég harðlega áformum Borgarinnar um að reisa 400 fm. hundagerði við Sundlaug Vesturbæjar.

Í mörg ár kusum við hundaeigendur í Vesturbæ með tillögu um að setja hundagerði fyrir aftan Vesturbæjarlaug, enda hafa hundaeigendur lengi stundað það að hittast á túninu með hunda sína þar sem ekkert hundagerði er til staðar á svæðinu. Töldum við að þetta væri besti kosturinn í stöðunni þar sem túnið er afskekkt og lítið notað af almenningi, og hundar væru þá ekki að þvælast lausir fyrir þeim sem ekki kærðu sig um að vera í návígi við þá.

Það vakti því mikla gleði þegar það var loksins tilkynnt að, eftir að hafa kosið með þessari tillögu í mörg ár, hundarnir okkar myndu loksins fá sitt svæði, eyrnamerkt fyrir þá, þar sem þeir gætu fengið að hlaupa lausir, elta bolta, hitta aðra hunda, og almennt fá þá útrás sem þeir þurftu til þess að geta lifað góðu og heilbrigðu lífi.

Það vakti því mikla – og skiljanlega – reiði þegar ekkert hundagerði kom, en í staðin var sett niður hjólabraut á þeim stað þar sem hundarnir áttu að fá sitt svæði. Enn og aftur voru óskir og þarfir hunda og hundaeiganda hundsáðar.

Núna virðist borgin ætla að – jú – “koma til móts” við kröfur okkar um gerði, en með því að úthluta okkur eitthvað pínulítið frímerki við hlið laugarinnar sem gagnast nákvæmlega engum.

Ég þori að fullyrða það að enginn hundaeigandi, nema mögulega eigendur smáhunda, munu nýta sér þetta gerði. Í staðinn munu hundaeigendur finna sér annað tón af þökkalegri stærð til að hleypa hundum sínum lausum – vissulega í trássi við lög, en hvaða valkost hafa þeir? Enginn hundur getur hlaupið um eða leikið sér á 400 fm frímerki, og fyrst borgin sýnir af sér slíka forkastanlega framkomu við hundaeigendur má sannarlega, að mínum dómi, réttlæta borgaralega óhlýðni af þessu tagi.

Það að borgin ætli að “redda sér” út úr þessum aðstæðum með því að bjóða upp á þessa “lausn” er ekkert annað en sýndarmenska.

Ég minni á það, að hundaeigendur á höfuðborgarsvæðinu hafa greitt meira en milljarð í hundaleyfisgjöld á síðustu 12 árum, en fá nánast enga þjónustu fyrir hunda sína á móti. Það er með öllu óásættanlegt að þarfir og óskir hundaeiganda séu endalaust látnar sitja á hakanum.

Ég skora á borgaryfirvöld að draga áform þessi um hundagerði til baka, og í stað þess úthluta hundaeigendum stóra svæðið fyrir aftan laugina til afnota, en láta sparkvöll og/eða hjólabraut vera þar sem hundagerðið er áformað nú.

Virðingafyllst,

Sigurlaug Bragadóttir.



## USK Skipulag

---

**Frá:** Vala Árnadóttir  
**Sent:** föstudagur, 24. apríl 2020 17:28  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Hundagerði við Vesturbæjarlaug

Til þess er málið varðar:

Sem íbúi og hundaeigandi í Vesturbæ Reykjavíkur mótmæli ég harðlega áformum Borgarinnar um að reisa 400 fm. hundagerði við Sundlaug Vesturbæjar.

Í mörg ár kusum við hundaeigendur í Vesturbæ með tillögu um að setja hundagerði fyrir aftan Vesturbæjarlaug, enda hafa hundaeigendur lengi stundað það að hittast á túninu með hunda sína þar sem ekkert hundagerði er til staðar á svæðinu. Töldum við að þetta væri besti kosturinn í stöðunni þar sem túnið er afskekkt og lítið notað af almenningi, og hundar væru þá ekki að þvælast lausir fyrir þeim sem ekki kærðu sig um að vera í návígi við þá.

Það vakti því mikla gleði þegar það var loksins tilkynnt að, eftir að hafa kosið með þessari tillögu í mörg ár, hundarnir okkar myndu loksins fá sitt svæði, eynamerkt fyrir þá, þar sem þeir gætu fengið að hlaupa lausir, elta bolta, hitta aðra hunda, og almennt fá þá útrás sem þeir þurftu til þess að geta lifað góðu og heilbrigðu lífi.

Það vakti því mikla – og skiljanlega – reiði þegar ekkert hundagerði kom, en í staðin var sett niður hjólabraut á þeim stað þar sem hundarnir áttu að fá sitt svæði. Enn og aftur voru óskir og þarfir hunda og hundaeiganda hundsáðar.

Núna virðist borgin ætla að – jú – “koma til móts” við kröfur okkar um gerði, en með því að úthluta okkur eitthvað pínulítið frímerki við hlið laugarinnar sem gagnast nákvæmlega engum.

Ég þori að fullyrða það að enginn hundaeigandi, nema mögulega eigendur smáhunda, munu nýta sér þetta gerði. Í staðinn munu hundaeigendur finna sér annað tón af þokkalegri stærð til að hleypa hundum sínum lausum – vissulega í trássi við lög, en hvaða valkost hafa þeir? Enginn hundur getur hlaupið um eða leikið sér á 400 fm frímerki, og fyrst borgin sýnir af sér slíka forkastanlega framkomu við hundaeigendur má sannarlega, að mínum dómi, réttlæta borgaralega óhlýðni af þessu tagi.

Það að borgin ætli að “redda sér” út úr þessum aðstæðum með því að bjóða upp á þessa “lausn” er ekkert annað en sýndarmennska.

Ég minni á það, að hundaeigendur á höfuðborgarsvæðinu hafa greitt meira en milljarð í hundaleyfisgjöld á síðustu 12 árum, en fá nánast enga þjónustu fyrir hunda sína á móti. Það er með öllu óásættanlegt að þarfir og óskir hundaeiganda séu endalaust látnar sitja á hakanum.

Ég skora á borgaryfirvöld að draga áform þessi um hundagerði til baka, og í stað þess úthluta hundaeigendum stóra svæðið fyrir aftan lauginn til afnota, en láta sparkvöll og/eða hjólabraut vera þar sem hundagerðið er áformað nú.

Virðingafyllst,

Vala Árnadóttir





## USK Skipulag

**Frá:** Friða Þorkelsdóttir ·  
**Sent:** föstudagur, 24. apríl 2020 20:43  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Hundagerði við Vesturbæjarlaug

Til þess er málið varðar:

Sem íbúi og hundaeigandi í Vesturbæ Reykjavíkur mótmæli ég harðlega áformum Borgarinnar um að reisa 400 fm. hundagerði við Sundlaug Vesturbæjar.

Í mörg ár kusum við hundaeigendur í Vesturbæ með tillögu um að setja hundagerði fyrir aftan Vesturbæjarlaug, enda hafa hundaeigendur lengi stundað það að hittast á túninu með hunda sína þar sem ekkert hundagerði er til staðar á svæðinu. Töldum við að þetta væri besti kosturinn í stöðunni þar sem túnið er afskekkt og lítið notað af almenningi, og hundar væru þá ekki að þvælast lausir fyrir þeim sem ekki kærðu sig um að vera í návígi við þá.

Það vakti því mikla gleði þegar það var loksins tilkynnt að, eftir að hafa kosið með þessari tillögu í mörg ár, hundarnir okkar myndu loksins fá sitt svæði, eyrnamerkt fyrir þá, þar sem þeir gætu fengið að hlaupa lausir, elta bolta, hitta aðra hunda, og almennt fá þá útrás sem þeir þurftu til þess að geta lifað góðu og heilbrigðu lífi.

Það vakti því mikla – og skiljanlega – reiði þegar ekkert hundagerði kom, en í staðin var sett niður hjólabraut á þeim stað þar sem hundarnir áttu að fá sitt svæði. Enn og aftur voru óskir og þarfir hunda og hundaeiganda hundsáðar.

Núna virðist borgin ætla að – jú – “koma til móts” við kröfur okkar um gerði, en með því að úthluta okkur eitthvað pínulítið frímerki við hlið laugarinnar sem gagnast nákvæmlega engum.

Ég þori að fullyrða það að enginn hundaeigandi, nema mögulega eigendur smáhunda, munu nýta sér þetta gerði. Í staðinn munu hundaeigendur finna sér annað tún af þökkalegri stærð til að hleypa hundum sínum lausum – vissulega í trássi við lög, en hvaða valkost hafa þeir? Enginn hundur getur hlaupið um eða leikið sér á 400 fm frímerki, og fyrst borgin sýnir af sér slíka forkastanlega framkomu við hundaeigendur má sannarlega, að mínum dómi, réttlæta borgaralega óhlýðni af þessu tagi.

Það að borgin ætli að “redda sér” út úr þessum aðstæðum með því að bjóða upp á þessa “lausn” er ekkert annað en sýndarmennska.

Ég minni á það, að hundaeigendur á höfuðborgarsvæðinu hafa greitt meira en milljarð í hundaleyfisgjöld á síðustu 12 árum, en fá nánast enga þjónustu fyrir hunda sína á móti. Það er með öllu óásættanlegt að þarfir og óskir hundaeiganda séu endalaust látnar sitja á hakanum.

Ég skora á borgaryfirvöld að draga áform þessi um hundagerði til baka, og í stað þess úthluta hundaeigendum stóra svæðið fyrir aftan laugina til afnota, en láta sparkvöll og/eða hjólabraut vera þar sem hundagerðið er áformað nú.

Virðingafyllst,

Friða Þorkelsdóttir



## USK Skipulag

---

**Frá:** Ívar Kristjánsson  
**Sent:** laugardagur, 25. apríl 2020 10:58  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** EFNI: Hundagerði við Vesturbæjarlaug

Til þess er málið varðar:

Sem íbúi og hundaeigandi í Vesturbæ Reykjavíkur mótmæli ég harðlega áformum Borgarinnar um að reisa 400 fm. hundagerði við Sundlaug Vesturbæjar.

Í mörg ár kusum við hundaeigendur í Vesturbæ með tillögu um að setja hundagerði fyrir aftan Vesturbæjarlaug, enda hafa hundaeigendur lengi stundað það að hittast á túninu með hunda sína þar sem ekkert hundagerði er til staðar á svæðinu. Töldum við að þetta væri besti kosturinn í stöðunni þar sem túnið er afskekkt og lítið notað af almenningi, og hundar væru þá ekki að þvælast lausir fyrir þeim sem ekki kærðu sig um að vera í návígi við þá.

Það vakti því mikla gleði þegar það var loksins tilkynnt að, eftir að hafa kosið með þessari tillögu í mörg ár, hundarnir okkar myndu loksins fá sitt svæði, eyrnamerkt fyrir þá, þar sem þeir gætu fengið að hlaupa lausir, elta bolta, hitta aðra hunda, og almennt fá þá útrás sem þeir þurftu til þess að geta lifað góðu og heilbrigðu lífi.

Skiljanlega vakti það þess vegna mikla reiði þegar ekkert hundagerði kom, en í staðin var sett niður hjólabraut á þeim stað þar sem hundarnir áttu að fá sitt svæði. Enn og aftur voru óskir og þarfir hunda og hundaeiganda hundsáðar.

Núna virðist borgin ætla að – jú – “koma til móts” við kröfur okkar um gerði, en með því að úthluta okkur eitthvað þínulítið frímerki við hlið laugarinnar sem gagnast nákvæmlega engum.

Ég þori að fullyrða það að enginn hundaeigandi, nema mögulega eigendur smáhunda, munu nýta sér þetta gerði. Í staðinn munu hundaeigendur finna sér annað tún af þokkalegri stærð til að hleypa hundum sínum lausum – vissulega í trássi við lög, en hvaða valkost hafa þeir? Enginn hundur getur hlaupið um eða leikið sér á 400 fm frímerki, og fyrst borgin sýnir af sér slíka forkastanlega framkomu við hundaeigendur má sannarlega, að mínum dómi, réttlæta borgaralega óhlýðni af þessu tagi.

Það að borgin ætli að “redda sér” út úr þessum aðstæðum með því að bjóða upp á þessa “lausn” er ekkert annað en sýndarmenska.

Ég minni á það, að hundaeigendur á höfuðborgarsvæðinu hafa greitt meira en milljarð í hundaleyfisgjöld á síðustu 12 árum, en fá nánast enga þjónustu fyrir hunda sína á móti. Það er með öllu óásættanlegt að þarfir og óskir hundaeiganda séu endalaust látnar sitja á hakanum.

Ég skora á borgaryfirvöld að draga áform þessi um hundagerði til baka, og í stað þess úthluta hundaeigendum stóra svæðið fyrir aftan laugina til afnota, en láta sparkvöll og/eða hjólabraut vera þar sem hundagerðið er áformað nú. Að öðrum kosti að hætta alfarið við áform um hundagerði við Vesturbæjarlaug.

Virðingafyllst,

Ivar Kristjánsson  
Boðagranda 20, 107 Reykjavík



## USK Skipulag

---

**Frá:** Berglind Borgþórsdóttir  
**Sent:** laugardagur, 25. apríl 2020 10:25  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Hundagerði við Vesturbæjarlaug

Til þess er málið varðar:

Sem íbúi og hundaeigandi í Vesturbæ Reykjavíkur mótmæli ég harðlega áformum Borgarinnar um að reisa 400 fm. hundagerði við Sundlaug Vesturbæjar.

Í mörg ár kusum við hundaeigendur í Vesturbæ með tillögu um að setja hundagerði fyrir aftan Vesturbæjarlaug, enda hafa hundaeigendur lengi stundað það að hittast á túninu með hunda sína þar sem ekkert hundagerði er til staðar á svæðinu. Töldum við að þetta væri besti kosturinn í stöðunni þar sem túnið er afskekkt og lítið notað af almenningi, og hundar væru þá ekki að þvælast lausir fyrir þeim sem ekki kærðu sig um að vera í návígi við þá.

Það vakti því mikla gleði þegar það var loksins tilkynnt að, eftir að hafa kosið með þessari tillögu í mörg ár, hundarnir okkar myndu loksins fá sitt svæði, eyrnamerkt fyrir þá, þar sem þeir gætu fengið að hlaupa lausir, elta bolta, hitta aðra hunda, og almennt fá þá útrás sem þeir þurftu til þess að geta lifað góðu og heilbrigðu lífi.

Skiljanlega vakti það þess vegna mikla reiði þegar ekkert hundagerði kom, en í staðin var sett niður hjólabraut á þeim stað þar sem hundarnir áttu að fá sitt svæði. Enn og aftur voru óskir og þarfir hunda og hundaeiganda hundsáðar.

Núna virðist borgin ætla að – jú – “koma til móts” við kröfur okkar um gerði, en með því að úthluta okkur eitthvað pínulítið frímerki við hlið laugarinnar sem gagnast nákvæmlega engum.

Ég þori að fullyrða það að enginn hundaeigandi, nema mögulega eigendur smáhunda, munu nýta sér þetta gerði. Í staðinn munu hundaeigendur finna sér annað tún af þokkalegri stærð til að hleypa hundum sínum lausum – vissulega í trássi við lög, en hvaða valkost hafa þeir? Enginn hundur getur hlaupið um eða leikið sér á 400 fm frímerki, og fyrst borgin sýnir af sér slíka forkastanlega framkomu við hundaeigendur má sannarlega, að mínum dómi, réttlæta borgaralega óhlýðni af þessu tagi.

Það að borgin ætli að “redda sér” út úr þessum aðstæðum með því að bjóða upp á þessa “lausn” er ekkert annað en sýndarmenska.

Ég minni á það, að hundaeigendur á höfuðborgarsvæðinu hafa greitt meira en milljarð í hundaleyfisgjöld á síðustu 12 árum, en fá nánast enga þjónustu fyrir hunda sína á móti. Það er með öllu óásættanlegt að þarfir og óskir hundaeiganda séu endalaust látnar sitja á hakanum.

Ég skora á borgaryfirvöld að draga áform þessi um hundagerði til baka, og í stað þess úthluta hundaeigendum stóra svæðið fyrir aftan laugina til afnota, en láta sparkvöll og/eða hjólabraut vera þar sem hundagerðið er áformað nú. Að öðrum kosti að hætta alfarið við áform um hundagerði við Vesturbæjarlaug.

Virðingafyllst,

Berglind Borgþórsdóttir



Frá: Asdis Elva Petursdottir  
Sent: sunnudagur, 26. apríl 2020 00:01  
Til: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>  
Efni: V/ Vesturbæjarsundlaug - Hofsvallagata 5

Ég vil aðeins ræða þá hugmynd að setja hundagerði við Vesturbæjarlaug líkt og nú er kynnt.



Á þessari mynd er meirihluti þess svæðis sem þið áætlið í nýju skipulagi fyrir hundagerði. Hundagerðið mun því miður ekki svara þörf góðs hundauppeldis. Gerðið er líklega að sömu stærð og gerðið við BSÍ. Sem nýtist mögulega hvolpum sem þarf að vernda og hugsanlega endurhæfingu hunds sem ekki er boðlegur í leik með öðrum hundum. En enganvegin leiks hunds og hvað þá hunda.

Vissulega fara allir hundaeigendur með hundana sína í göngutúr en til þess að eiga vel upp alinn hund þá þarf að æfa hann í ákveðnum hundasamskiptum sem aðeins fæst í leik með öðrum hundum. Mikilvægt er að hafa stórt svæði þannig að hundarnir geti farið í eltingarleik og að orkumeiri hundar geti tekið stærri hring á sama tíma og orku minni hundar geta lallað nálægt.

Eins þarf að æfa innkall og þar sem hundar eru (flestir) gáfaðar skepnur þá vita þeir hvort þeir eru í búi eða ekki. (Innkall er æft fyrst inni, þá í litlum lokuðum garði, þá í löngum taumi og loks án taums).

Ástæða þess að túnið fyrir aftan Vesturbæjarlaug gæti uppfyllt allar þessar kröfur er stærðin og umgjörðin. Auk grindverka eru þar tré og brekkur sem gera það að verkum að hundum og

mönnum líður vel þarna. Hægt er að upplifa sig í smá vari frá umferð og samt auðvelt að sjá ef einhver nálgast.

Það er auðvitað ekki hægt að blanda saman öllum þörfum borgaranna á einn blett. Og hér kemur kannski sú staðreynd að hús hafa haft vinninginn hjá borginni þegar kemur að grænum svæðum inn í miðborginni.

Sjálf myndi ég óska að hundaeigendur gætu farið í góðan göngutúr og endað á svona grænu svæði þar sem hægt er að láta hunda hlaupa á eftir bolta og hittast án þess að vera í taum.

Það er ekki boðlegt að einu svæðin séu það langt í burtu að bílferð sé eini möguleikinn til að komast á þau.

En hvornig sem þetta verður leyst þá er svona hundagerði af þessari stærð á þessum stað MÓÐGUN. Hún svarar á engan hátt þeirri ósk sem sett var fram.

Virðingafyllst,  
Ásdís Elva Pétursdóttir



## **Athugasemdir varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturbæjarlaug – Hofsvallagötu 5**

Undirrituð gerir athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturbæjarlaug – Hofsvallagötu 5. vegna allt of lítills hundagerðis sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir.

### **Greinargerð:**

Hundaeigendur í Vesturbæ og nágrenni hafa í áraraðir notað túnið á bak við Vesturbæjarlaug til að viðra hunda sína ólarlausa. Þetta er eina opna svæðið í Vesturbæ sem er tiltölulega öruggt fyrir slíka iðju þar sem það er afgangur á tvo vegu. Allir græða á því að hafa slíkt svæði. Hundaeigendur og sérstaklega hundarnir sem þurfa að fá útrás fyrir fjör sitt með hreyfingu rétt eins og menn. Ekki hefur verið mikið um kvartanir vegna þessarar iðju. Hundaeigendur hafa aftur á móti séð um plock á rusli á þessu svæði að vori til og tekið túnið í eins konar fóstur. Túnið hefur ekki verið mikið nýtt sem leiksvæði barna fyrr en þar var komið fyrir hjólabraut sl. sumar. Hjólabrautin skemmir svo sem ekki mikið fyrir útivist hunda á svæðinu því þeir hafa eftir sem áður mikið pláss. Hugmyndin að hundagerðinu hlaut einnig brautargengi í íbúakosningunum Hverfið mitt en undirrituð er nokkuð viss um að upphafleg hugmynd snerist ekki um að borgin setti upp þennan smábleiðil fyrir fjórfætta íbúa sína.

### **Tillaga til úrbóta**

Deiliskipulagið gerir aðeins ráð fyrir ákaflega litlu og þröngu hundagerði sem myndi alls ekki nýtast hundum og eigendum þeirra. Í stað þessa frímerkis væri borginni í lófa lagið að girða túnið af á þá tvo vegu sem eftir eru og koma upp tveimur hliðum báðum megin.

### **Sú aðgerð myndi hafa eftirtöld jákvæð áhrif:**

- a) Hundar væru öruggir innan girðingar og gætu ekki hlaupið út á götu eins og raunin er í dag.
- b) Hundar hefðu nóg pláss til að fá nauðsynlega hreyfingu og útrás sem þeir ná alls ekki í svo smáu hundagerði sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir.
- c) Börn og ef til vill þeir íbúar sem eru hræddir við hunda (og eigendur þeirra) væru alveg öruggir á leiksvæðunum sem eru þegar beggja vegna sundlaugarinnar og yrðu utan gerðisins.
- d) Hundaeigendur sem eru fjölmargir í Vesturbænum yrðu mjög glaðir vegna réttra viðbragða borgarinnar.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllt

Ingibjörg Anna Arnarsdóttir

## USK Skipulag

---

**Frá:** Ingibjörg Anna  
**Sent:** mánudagur, 27. apríl 2020 12:49  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi við Vesturbæjarlaug  
**Viðhengi:** Athugasemdir varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturbæjarlaug.docx

Til þess er málið varðar- sjá fylgiskjal.

kær kveðja  
ingibjörg Anna Arnarsdóttir

29.apríl 2020

## Berist til Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar:


Félag ábyrgra hundaeigenda, FÁH, vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við deiliskipulagið við Vesturbæjarsundlaug, er varðar væntanlegt hundagerði:

## Stærð:



### Núverandi tillaga

Samkvæmt núverandi tillögu á hundagerðið að vera **400 m<sup>2</sup> að stærð**. Það er í stuttu máli sagt allt of lítið, og algjörlega ónothæft. Það væri synd að eyða pening í uppsetningu á hundagerði sem verður ekkert notað. Þar að auki er þetta í hrópandi ósamræmi við það sem upphaflega var samþykkt í íbúakosningu.



### Tillaga frá 29.nóvember 2019

Tillaga borgaryfirvalda frá nóvember sýnir okkur hundagerði sem er **700 m<sup>2</sup> að stærð**. Það er 75% stærra en núverandi tillaga, og þó frekar lítið. Hundagerðin 3 sem sett voru upp í Reykjavík 2012 eru 600 m<sup>2</sup> og hafa hundaeigendur allt frá uppsetningu gerðanna kvartað yfir því hvað þau séu lítil. Ef lítið er til hundagerða erlendis, má sjá að þau eru almennt miklu stærri, oftast á bilinu 1500 m<sup>2</sup> - 5000 m<sup>2</sup>.



### Íbúakosning

Tillaga Vesturbæinga sem hlaut kosningu lagði til hundagerði að svipaðri stærð og sést á myndinni hér til hliðar. Samkvæmt mælingu á borgarvefsjá er sú stærð u.þ.b. **2400 m<sup>2</sup>**. Þetta er ákjósanleg stærð fyrir hundagerði, og er sú stærð og staðsetning sem henta muni hundaeigendum Vesturbæjar, og mun tryggja það að hundagerðið verði notað. Við vekjum athygli á að núverandi tillaga (400m<sup>2</sup>) er aðeins 16,7% af stærðinni sem gert var ráð fyrir í íbúakosningu. Það er því ekki að ástæðulausu að

hundaeigendur Vesturbæjar séu ósáttir við þessa nýju tillögu.

[https://s3-eu-west-1.amazonaws.com/oav-direct-assets/hm2018/moreProjectInformation\\_17133.pdf?fbclid=IwAR2DON3GaS6A3Sq-XpZli7L8rUrmHWXf3RiBqnrQTz1YnK0NmcgixL0h4iw](https://s3-eu-west-1.amazonaws.com/oav-direct-assets/hm2018/moreProjectInformation_17133.pdf?fbclid=IwAR2DON3GaS6A3Sq-XpZli7L8rUrmHWXf3RiBqnrQTz1YnK0NmcgixL0h4iw)

### Hæð girðingar:

- Í deiliskipulagstillögu kemur fram að hæð girðingar eigi að vera 1,2 metrar - sem er allt of lágt, nema gerðið sé aðeins ætlað smáhundum.
- Þar sem hundagerðið er nálægt bílastæði og mögulega leikvelli, er lyklatríði að hundar geti ekki hoppað yfir.
- 1,5 metrar er það lágmark sem er mælt með fyrir hundagerði víða um heim.
- <http://thestantonfoundation.org/canine/dog-parks/guide/fences>

### Öryggi:

- Gerðið verður að vera hundhelt alveg frá upphafi. Öll hundagerðin fjögur sem hafa verið sett upp í Reykjavík, voru gölluð í upphafi og hundar komust út, af mismunandi ástæðum þó.
- Tvöfalt hlið er öryggiskrafa sem ætti að vera í öllum hundagerðum: <http://thestantonfoundation.org/canine/dog-parks/guide/entrances>
- Bil milli rimla í hliði verður að vera afar mjótt svo hundar geti ekki smeygt sér í gegn. Nýja gerðið í Grafarvogi er með svo breiðu bili milli rimla að meðalstór hundur getur auðveldlega smeygt sér út úr gerðinu.
- Girðing verður að ná vel niður ofan í eða þétt við jarðveginn, svo engin hættu sé á að hundur geti smeygt sér undir. Sama gildir um hlið. Þetta var vandamál með gerðin þrjú sem voru sett upp 2012. Þetta var lagað eftir ábendingar frá FÁH.

### Hönnun:



- Það er alls ekki nauðsynlegt að hafa hundagerði rétthyrnt, það má hanna það í skemmtilegri lögun svo það sé meira augnauki. En auðvitað skiptir meira máli að aðlaga lögun girðingar eftir svæði, svo það takmarki ekki stærð gerðisins.
- Bekkur má gjarnan vera inni í gerðinu.
- Leiktæki eða steinar, drumbar eða rör, eitthvað til að örva hundana í leik er nauðsynlegt að hafa í litlum hundagerðum. Þegar gerðin eru innan við 1500 m<sup>2</sup> þá stærðin ekki næg til að fullnægja hreyfiþörf, en ef hundur hefur eitthvað að skoða og leika sér í þá þreytist hann andlega og þá hefur hundagerðið einhvern tilgang. <https://www.dog-on-it-parks.com/>
- Undirlagið þarf ekki að vera alveg flatt, en það er nauðsynlegt að huga vel að hentugum jarðvegi fyrir hundagerði: <http://thestantonfoundation.org/canine/dog-parks/guide/surfacing>

- Tré, drumbar, bekkir og annað sem sett er inn í gerðið, er ekki aðeins skemmtilegra og betra fyrir hundana heldur gerir það gerðið að meira augnayndi fyrir okkur mannfólkið. Það getur verið hreinasta skemmtun fyrir fjölskyldur með börn að standa fyrir utan og horfa inn í fallett gerði og á hunda sem hlaupa í kringum stokka og steina að leika sér. Þannig getur vel heppnað hundagerði ekki einungis nýst hundaeigendum heldur öllum íbúum hverfisins óháð hundaeign.

Að lokum vill FÁH benda á að of lítið og illa hannað hundagerði er verra en ekki neitt! Það er sóun á fjármunum að setja upp gerði sem hundaeigendur vilja ekki nota. Þess vegna ber borginni að vanda til verka.

Fyrir hönd stjórnar FÁH  
Freyja Kristinsdóttir



## Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík 5. maí 2020

### Athugasemdir við tillögu um breytingu á skipulagi við Vesturbæjarsundlaug Hofsvallagötu 54 - hundagerði

Undirritaður mælist til þess að skipulagstillagan verði dregin til baka. Fyrir þeirri tillögu eru fjölmargar ástæður:

1.

Áformað 400 fermetra hundagerði er of lítið til að það nýtist hundum til að hlaupa og leika sér. Stærð þess er aðeins 2/3 af stærð þeirra hundagerða sem til eru í borginni og þau hundagerði eru af hundaeigendum talin allt of lítil. Hundaeigendur munu ekki nýta sér þetta litla hundagerði og því er best að sleppa þessari framkvæmd.

2.

Stærð og staðsetning fyrirhugaðs hundagerðis brýtur gegn niðurstöðu íbúakosningar sem fram fór 2018. Skýrt er að kosið var um staðsetningu hundagerðis á öðrum stað á túninu við Vesturbæjarsundlaug, á reit sem merktur er S-sparkvöllur í gildandi deiliskipulagi. Sá túnflötur er aldrei notaður sem sparkvöllur og þar eru engin mörk. Eina notkun þessa reits í mörg ár hefur verið að hundaeigendur hafa hist þar til að leyfa ferfætlingunum að hittast og hlaupa.

Samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér hjá Guðbjörgu Láru Másdóttur hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar hafa nágrennar túnsins ekki kvartað undan veru hundanna.

Hundaeigendur hafa lagt mikið upp úr því að hreinsa upp eftir hundana og hefur ekki verið kvartað undan því að hundaskítur sé á túninu.



Grasflöturinn bak við Vesturbæjarlaugina hefur undanfarin ár verið notaður töluvert af hundaeigendum. Gott væri að girða það af svo væri hægt að nota það sem hundagerði og maður gæti sleppt hundum lausum. Sorglega lítið er um aðstöðu fyrir hunda og hundaeigendur á höfuðborgarsvæðinu og í takt við þær breytingar að leyfa þá í strætó og á kaffihúsum væri kjörið að fylgja því eftir og fá fleiri útisvæði.

#### Hundagerði við Vesturbæjarlaug

Drífa Hansen





♡ 66 🚫 15 ↶ ⋮

*Skjáskot af tillögunni sem kosið var um 2018 og hlaut brautargengi í kosningunni.*

3.

Með því að skipuleggja hundagerði á allt öðrum stað en kosið var um, sem þar að auki er margfalt minna en sá túnflötur sem ætlaður var undir hundagerðið, brýtur Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar gegn niðurstöðu lýðræðislegrar íbúakosningar. Deiliskipulagstillagan gengur gegn þeirri miklu áherslu sem borgarstjórn hefur lagt á að efla lýðræði, meðal annars með stofnun mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og með mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráði. Meðal áhersluverkefna er „Hverfið mitt“ þar sem íbúar geta kosið um ákveðin framfaramál. Umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar hefur engan rétt til að breyta niðurstöðu þeirra kosninga.

Nr.1.10 Hundagerði við Vesturbæjarlaug



LYÐING VERKEFNIÐ:  
Lýðing umhverfis þessu í sér að sameign hundagerði þar sem hefur verið að deppa hundum íbúum. Hundagerðið yrði staðsett á grasni við Vesturbæjarlaug.

**HVERFIÐ MITT 2019 VESTURBÆR**  
NR. 1.10  
Hundagerði við Vesturbæjarlaug  
Frumhönnun

Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarum 12-14  
100 Reykjavík  
Sími: 411 1111

ÆTTLUÐ STAÐSETNINGAR ———— LÝÐINGARSTAÐUR ▲

Fyrir liggur að Reykjavíkurborg ætlaði í fyrstu að fara eftir niðurstöðu íbúakosninganna, samanber frumhönnun Umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar merkt „1.10 Hundagerði við Vesturbæjarlaug“, sjá mynd hér að ofan.

4.

Sú deiliskipulagstillaga sem hér liggur fyrir gengur út á að leysa vandræðagang vegna hjólabrautar sem kosið var um 2018 að setja niður við Grandaskóla. Þegar til kom hafnaði skólustjóri Grandaskóla að hjólabrautin yrði sett þar upp. Við svo búið hefði átt að hætta við frekari áform um hjólabrautina, eða láta kjós á nýjan leik. En þess í stað var reynt að troða hjólabrautinni niður við Sörlaskjól í óþökk íbúa. Svo mikil var andstaðan að íbúarnir gerðu aðsúg að verktakanum, sem treysti sér ekki til að halda áfram vegna áreitisins. Engu að síður héldu borgarstarfsmenn áfram að reyna að koma



hjólabrautinni fyrir í Vesturbænum og völdu fyrrgreint hundatún við Vesturbæjarlaug til þess. Til að komast hjá andstöðu og áreiti var hjólabrautinni komið fyrir á túninu nánast í skjóli myrkurs, án nokkurs fyrirvara.

5.

Hundaeigendur í Vesturbæ Reykjavíkur hafa átt í samskiptum við embættismenn borgarinnar vegna þessarar staðsetningar hjólabrautarinnar, enda gátu þeir ekki lengur verið með hunda sína á túninu.

Fram hefur komið að fyrrnefndri Guðbjörgu Lára Másdóttur hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar var falið að óska eftir tillögum frá íbúum í Facebook hóp Vesturbæjar um nýja staðsetningu fyrir hjólabrautina, sem hún svo gerði 22. júlí 2019. Þar hvatti hún íbúa til að senda sér ábendingar um staðsetningar sem gætu hentað vel „fyrir þessa færanlegu hjólabraut,“ eins og hún orðaði það. Ein ábending um staðsetningu á túninu við Vesturbæjarlaugina var sett við færslu Guðbjargar á Facebook og ein um staðsetningu á lóð N1 við Ægisíðu. Í svari við fyrirspurn um hvaða aðrar ábendingar hefðu komið fram um þessa staðsetningu fullyrkti Guðbjörg Lára að þrjár tölvupóstar hefðu borist með ábendingum um að hafa hjólabrautina á túninu við Vesturbæjarlaugina. Ekkert samráð var haft við hundaeigendur í Vesturbænum, sem þó hafa með sér Facebook hópinn „Sundlaugarhundur“ og eru 263 skráðir í hann. Með öðrum orðum, ein ábending á Facebook og þrjár meintir tölvupóstar voru látnir ráða því að setja vandræða-hjólabrautina á túnið sem kosið var undir hundagerði. Ekki var farið eftir niðurstöðu lýðræðislegrar kosningar um staðsetningu hundagerðis og ekkert samráð við þá sem málið varðar.

6.


Undirritaður átti í tölvupóstsamskiptum við Guðbjörgu Lára og óskaði eftir því að borgin myndi annan stað fyrir hjólabrautina. Guðbjörg tók vel í þá málaleitan, enda væri hjólabrautin færanleg. Eftir nokkra mánuði tilkynnti hún að engin önnur staðsetning hefði fundist. Hún upplýsti jafnframt að breyta þyrfti deiliskipulagi vegna hundagerðis og sú vinna stæði yfir.



*Hundatúnið við Vesturbæjarlaug eftir að hjólabrautinni var komið þar fyrir. Af skiljanlegum ástæðum hefur brautin ekkert verið notuð í vetur.*



Bletturinn sem búið er að skipuleggja undir 400 fermetra hundagerði. Trjágróðurinn handan svæðisins er á borgarlandi, en innan girðingar einbýlishússins.



Ástæða er til að vekja athygli á því að mörk hins áformaða hundagerðis til norðurs liggja að girðingu einbýlishúss við Einimel, en við það hús og tvö önnur hafa eigendur stækkað lóðir sínar (rauð ör) og fært girðingar þeirra inn á borgarlandið í óleyfi. Ekki verður betur séð en að Umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar sé með þessum mörkum hundagerðisins að festa ólögmdæta útfærslu lóðanna í sessi.

7.

Heilt á litið er þetta hjólabrautar/hundagerðismál ein raunasaga og áfellingisdómur yfir stjórnkerfi borgarinnar. Vond ákvörðun (að hætta ekki við hjólabrautina) leiðir til enn verri ákvörðunar (að traðka á niðurstöðu lýðræðislegrar kosningar).

Eins og fram hefur komið hér á undan og væntanlega í öðrum umsögnum við deiliskipulagstillöguna, þá er áformað hundagerði gagnslaust með öllu og verður ekki notað. Ef Umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar er umhugað um að standa vel og rétt að úrlausn málsins, þá er heillavænlegast að deiliskipulagstillögunni verði breytt þannig að hundagerði, ekki minna en 1.500-2.000 fermetrar, verði skipulagt á þeim stað á sundlaugartúninu sem íbúar kusu að hafa það, á reit sem merkur er S í deiliskipulagi.

8.

Þar sem enginn kaus að hafa hjólabrautina á sundlaugartúninu verður að finna henni nýtt pláss ef ekki á að farga henni. Það gefur auga leið að hentugasta svæðið er þar sem nú er áformað að hafa 400 fermetra hundagerðið. Með öðrum orðum, að skipt verði á svæðum. Hjólabrautin tekur u.þ.b. 300 fermetra með öryggissvæði, þannig að plássið er meira en nóg. Þar að auki er hægt að fá meira pláss ef þörf krefur með því að nota þann hluta borgarlandsins sem einbýlishúsið við Einimel hefur lagt undir sig. Þessi staðsetning auðveldar jafnframt aðgang barnanna að hjólabrautinni. Með núverandi staðsetningu á sundlaugartúninu þurfa börnin að fara yfir nokkuð stóran grasblett til að komast að brautinni. Staðsetning hjólabrautarinnar nær sundlauginni tengir hana jafnframt betur við leiksvæðið sem er þar.

Ólafur Hauksson

Aflagranda 35, 107 Reykjavík



## USK Skipulag

---

**Frá:** Jón Skaftason >  
**Sent:** mánudagur, 11. maí 2020 15:46  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Mótmæli - Nýtt Deiliskipulag við Sundlaugartún

Góðan dag,

undirritaður er íbúi að Einimel 12 í vesturbæ Reykjavíkur.

Nýverið var auglýst nýtt deiliskipulag fyrir svæðið. Það gerir meðal annars ráð fyrir því að hjólabraut sem komið var fyrir allt að því í garðinum hjá okkur verði varanlega fest í sessi. Þá skal sömuleiðis koma hundagerði á túnið.

Undirritaður mótmælir þessum fyrirætlunum harðlega. Sundlaugartún hefur um árabil verið leikvöllur barna í hverfinu, m.a. hefur KR nýtt túnið til æfinga á vorin. Þá hefur sleðabrekkan sem þarna er verið vel sótt þegar þannig viðrar, og hundaeigendur vanið komur sínar á túnið allan ársins hring.

Það er mikill misskilningur að alla auða bletti í borgum þurfi að skipuleggja. Þvert á móti eru tún oft meðal mest sóttu staða innan borgarlandsins, nægir þar að nefna garða á borð við Hyde Park eða Green Park í London og Central Park í New York. Túnið er fínt eins og það hefur verið og mikið notað af fólki í hverfinu.

Þess utan er hjólabrautin bæði ljót að útliti, óvönduð og uppfyllir alveg örugglega ekki öryggiskröfur. Það er gott og blessað að hvetja til hreyfingar á borð við hjóleiða, en þá á að vanda til verka og varast að kasta fjármunum á glæ. Þessi braut verður ekki langlíf og er lýti á umhverfinu. Slíkt hafa auðvitað aðrir íbúar hverfisins séð og hafa hrakið brautina á brott jafnóðum og henni hefur verið skotið niður. Mér telst til að þetta sé þriðja tilraunin til að koma henni fyrir.

Engin ástæða er til að festa slíkan ófögnuð í sessi.

Þess utan er það mikið í inngrip að koma grip sem þessum upp fyrir utan stofugluggann hjá manni án þess að spyrja kóng eða prest.

Vonandi getum við undið ofan af þessu, og haldið Sundlaugartúninu frábæru. Ég kann að metta framtakið, en þarna erum við því miður á villigötum ; )

Með vinsemd og virðingu

Jón Skaftason  
Einimel 12



## USK Skipulag

---

**Frá:** Páll Kristjánsson  
**Sent:** mánudagur, 11. maí 2020 15:54  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Mótmæli við nýju deiliskipulagi fyrir Sundlaugartún

Góðan daginn,

Vísað er til auglýsingar um nýtt deiliskipulag um svæðið sem í daglegu tali gengst undir nafninu "Sundlaugartún". Í breyttu skipulagi er m.a. lagt til að komið verði upp hundagerði, og þá er hjólabraut sem verið hefur á svæðinu til bráðabirgða fest í sessi.

Athygli er vakin á því að Sundlaugartún var um áratugabil verið nýtt til æfinga að vori fyrir yngri flokka knattspyrnudeildar KR. Deildin býr nú þegar við þröngan kost í aðstöðumálum, hvort sem miðað er við önnur knattspyrnufélög í Reykjavík eða keppinauta í efstu deild. Fyrirséð er að hjólabrautin sérstaklega komi algerlega í veg fyrir að túnið verði nýtt til æfinga, eða knattspyrnuíðkunar.

Undirritaður mótmælir því fyrirhuguðum deiliskipulagsbreytingum, og öllum tilfærslum á skipulagi sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir að túnið verði nýtt til æfinga, eða knattspyrnuíðkun barna í hverfinu. Eðlilegra væri að koma upp varanlegri og/eða betri aðstöðu. Nógu lengi hafa KR-ingar þó búið við skerta aðstöðu, þótt ekki sé þrengt enn frekar að bjargráðum þeim við höfum þó getað nýtt.

Formaður knattspyrnudeildar KR  
Páll Kristjánsson

Virðingarfyllt,

**Páll Kristjánsson,**  
hrl.

KRST lögmannsstofa | Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík  
Sími: +354 551-6412 | gsm: +  
Netfang: | Veffang: [www.krst.is](http://www.krst.is)

**K · R · S · T**  
**LÖGMENN**

Innihald þessa pósts er trúnaðarmál og aðeins ætlað því fyrirtæki og/eða einstaklingi sem hann er áritaður til. Ef um mistök í póstsendingu er að ræða ertu vinsamlegast beðin(n) að láta sendanda vita og eyða póstinum strax.





Reykjavíkurborg

Berist til: Skipulagsfulltrúa

netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)

Reykjavík, 11. maí 2020

**Efni: Athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar – athugasemdir**

Vísað er til auglýsingar á tillögu um breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu, sem og bréfs skipulagsfulltrúa. Fram kemur í auglýsingu að í tillögunni felist að komið verði fyrir „hundagerði á lóðinni, núverandi grenndargámastöð er fest í sessi og bílastæðum fækkað lítillega“. Hvað varðar hundagerðið segir: „Hundagerði er afgirt svæði með hliði, um 400 m<sup>2</sup> á stærð þar sem hundaeigendur geta sleppt hundum lausum innan girðingar. Hæð girðingar 1.2 metra standandi járnrimlagirðing eða sambærilegt.“

Undirrituð eru eigendur Einimels 26 og virðist ætlunin að hundagerðið verði á mótí þeirri lóð þar sem húsnæði okkar er staðsett. Ekki verður betur séð en að umræddar breytingar séu á svæði sem er merkt sem „Þróunarsvæði“ í gildandi aðalskipulagi, þ.e. „Þ10 – Hverfiskjarni - Hofsvallagata“. Þar er ekki sérstaklega vikið að því afmarkaða svæði sem hér um ræðir að öðru leyti en því að fram kemur að við sundlaug Vesturbæjar sé gert ráð fyrir uppbyggingu fyrir innilaug og líkamsræktaraðstöðu. Þá segir: „Nánari stefna fyrir kjarnann verður sett fram í hverfisskipulagi“. Það er ljóst að hverfisskipulag hefur ekki litið dagsins ljós, en vinna við slíkt fyrir Vesturbæinn virðist vera á frumstigi ef marka má upplýsingar á [www.hverfisskipulag.is](http://www.hverfisskipulag.is).<sup>1</sup> Gerð er athugasemd við að ráðist sé í vinnu við grundvallarbreytingar á deiliskipulagi fyrrgreinds svæðis án þess að hverfisskipulag hafi verið unnið, enda er það ekki í samræmi við ummæli í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Jafnframt er ekki fyllilega ljóst hvaða landnotkun er heimil á svæðinu, þ.e. hvernig það er flokkað samkvæmt aðalskipulagi. Óskað er upplýsinga frá skipulagsfulltrúa um það og áskilinn réttur til athugasemda hvað þetta varðar.

Hvað varðar fyrirhugaða framkvæmd er bent á að það svæði sem um ræðir er vinsælt leiksvæði fyrir börn í hverfinu sem bæði sækja þann leikvöll sem fyrir er og nýta svæðið fyrir fjálsan leik. Svæðið er skjólgott og ljóst að samkvæmt aðalskipulagi er því áfram ætlað að vera nokkur konar kjarni í þessum hluta Vesturbæjarins. Við sem íbúar höfum veitt því athygli að svæðið er mjög mikið nýtt, bæði af fullorðnum sem koma þangað með börn sín og börnum sem hafa aldur til að leika sér úti sjálf. Þá er einnig umtalsverð umferð á svæðinu vegna

<sup>1</sup> Þar kemur fram að frumdrög hafi verið unnin og verði vinnunni „haldið áfram síðar en stefnt er að því að öll hverfi borgarinnar hafi fengið hverfisskipulag árið 2024“.


sundlaugarinnar og annarrar nærliggjandi þjónustu, svo sem Hagavagnsins, Kaffi Vest og Melabúðarinnar, sem og vegna gönguleiðar barna í hverfinu í átt að Melaskóla. Svæðið er því vel til þess fallið að gegna fyrrgreindu hlutverki sem kjarni innan hverfisins og gerir það í dag.

Okkur þykir rétt að benda á að tilvist fyrrgreinds hundagerðis geti haft neikvæð áhrif á möguleika íbúa í hverfinu til að nýta svæðið, þar með talið möguleika barna til leiks á svæðinu en þarna er eina leiksvæðið sem börn í aðliggjandi götum geta nýtt án þess að þurfa að fara yfir stórar umferðargötur á borð við Hofsvallagötu og Kaplaskjólsvæg. Almennt má ætla að stórt mannvirki, eins og hundagerði sem vissulega gagnast ýmsum íbúum, sé betur staðsett á svæði þar sem umferð fólks er ekki jafnmikil. Við skoðun á hundagerðum innan Reykjavíkurborgar verður raunar ekki séð að í nokkru tilfelli hafi ætlunin verið að staðsetja þau alveg ofan í íbúðabyggð og við leiksvæði barna eins og hér er lagt til. Það er því óskað eftir upplýsingum um þá valkostagreiningu sem hefur farið fram og hagsmunamat borgaryfirvalda. Þá er með öllu óljóst hvernig ætlunin er að opnunartíma hundagerðisins sé háttáð og eftirliti með því, en það blasir til að mynda við að hávaði getur stafað af því fyrir nærliggjandi íbúðabyggð. Jafnframt er óskað upplýsinga um þetta atriði.

Að öðru leyti áskiljum við okkur allan rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri eða grípa til viðeigandi aðgerða vegna hinna auglýstu áforma.

Virðingarfyllst,

  
Ásgerður Ragnarsdóttir

  
Stefán A. Svansson

## USK Skipulag

---

**Frá:** Jon Eiríksson ·  
**Sent:** þriðjudagur, 12. maí 2020 10:13  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Vesturbæjarsundlaug – Hofsvallagata 54 - Athugasemdir

**Efni: Athugasemdir við tillögur að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu.**

Með vísan til auglýsingar á tillögu um breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu og með vísan til bréfs skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 27. mars 2020, er hér með komið á framfæri athugasemdum við tillöguna.

Sem rökstuðning fyrir athugasemdunum er vísað í athugasemdir og rökstuðning eigenda Einimels 26, dags. 11. maí, 2020, athugasemdir við tillögur að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi, undirritað af eigendum, Áslaugu Ragnarsdóttur og Stefáni A. Svensson.

Jafnframt telja undirritaðir að hundagerði með mögulegum óþrifum í nálægð við sundlaug fari ekki saman. Af sömu ástæðu auk tilheyrandi ónæðis er full ástæða til að hafna slíkri hugmynd á svæði í námunda við ungabörn sem eru að leik á ætluðu leiksvæði.

Virðingarfyllst,

**Jón Eiríksson**  
**Þórunn Þórisdóttir**

Einimel 24  
107 Reykjavík



## USK Skipulag

---

**Frá:** Birgir Þröstur Jóhannsson  
**Sent:** Þriðjudagur, 12. maí 2020 23:16  
**Til:** USK Skipulag  
**Afrit:** Heimir Snær Guðmundsson  
**Efni:** Ábendingar og athugasemdir varðandi tillögu af breytingu á deiliskipulagi við Vesturbæjarsundlaug - Hofsvallagata 5

Kæri skipulagsfulltúi,

Íbúaráð Vesturbæjar hefur ekki náð að ræða deiliskipulagstillöguna á fundi vegna samkomubanns. Eftirfarandi athugasemdir koma aðeins frá undirrituðum nefndarmönnum.

Við teljum að það komi vandi frá útfærslu í Mitt Hverfi þar sem íbúar fengu ekki möguleika til að kjósa á móti þeim tillögum sem þeir telja slæmar. Þar sem mjög skiptar skoðanir eru um staðsetningu á hundagerði við Vesturbæjarlaug er ekki hægt að sjá hlutfallslegan stuðning íbúa við þetta verkefni. Við teljum ekki rétt að setja hundagerði í framkvæmd fyrr en skoðanakönnun hefur sýnt fram á að meirihluti íbúa sé sáttur við hana.

Eðlilegt er að íbúar geti einnig haft skoðun á vali milli mismunandi svæða sem geta gengið undir hundagerði. Hugsanlega eru önnur svæði sem henta fólki og dýrum betur. Ef hundagerðið verður gert að veruleika þarna í óþökk meirihluta íbúa gæti einnig farið þannig að í næstu kosningum í Mitt Hverfi verði samþykkt tillaga um að breyta hundagerðinni í annað (t.d. grænt svæði). Það væri mjög slæmt ef verkefnið Mitt Hverfi færi út í slíkan slag milli íbúa.

Við leggjum því til að deiliskipulagstillagan af hundagerðinu verði lögð til hliðar um óákveðinn tíma þar til vilji íbúa hefur verið staðfestur.

Í ljósi þess að margir nýtingarmöguleikar eru á svæðinu í kringum Vesturbæjarlaug og að íbúar eru ekki sammála um hvað eigi að ganga fyrir, þá leggjum við til að gerðar verði nýjar tillögur af mismunandi útfærslum sem sýna notkun alls svæðisins með leiktækjum, gróðri og aðstöðu fyrir íbúa. Og að í framhaldi verði gerð skoðanakönnun sem sýni fram á að verkefnið sé með stuðning meirihluta íbúa áður en það verður sett í framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Birgir Þ. Jóhannsson, formaður  
Ásta Olga Magnúsdóttir, varaformaður  
Björn Karlsson

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



## USK Skipulag

---

**Frá:** Gísli Marteinn Baldursson  
**Sent:** þriðjudagur, 12. maí 2020 22:44  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Athugasemdir vegna deiliskipulags Vesturbæjarlaugar  
**Viðhengi:** Vesturbæjarlaug.pdf

Komið þið sæl og blessuð.

Hér eru athugasemdir vegna breytinga á deiliskipulagi við Vesturbæjarlaug.

Bestu kveðjur,  
Gísli Marteinn.


Kæra skipulags- og samgönguráð.

Sem íbúi á Melhaga og einn eigenda fasteignar og rekstrar á horni Melhaga og Hofsvallagötu þar sem meðal annars er reikið kaffihús, bakarí, arkitektastofa, verktakafyrirtæki og ýmislegt annað langar mig að gera athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar.

Ég vil byrja á því að gera athugasemdir við texta auglýsingarinnar þar sem segir að í breytingunni felist að „komið [sé] fyrir hundagerði á lóðinni, núverandi grendargámastöð [sé] fest í sessi og bílastæðum fækkað lítillega.“ Þarna birtist vandamál tillögunar í hnotskurn, því sífellt er ruglað saman raunverulegu ástandi á staðnum annarsvegar og gildandi deiliskipulagi hinsvegar. Staðreyndin er sú að í núgildandi deiliskipulagi er engin grendargámastöð en hún er þar í raunveruleikanum. Sé hinsvegar litið til bílastæðanna þá eru þau fleiri á gildandi skipulagi en í raunveruleikanum þannig að fullyrðing um að bílastæðum sé fækkað er aðeins sönn ef miðað er við gildandi skipulag en ekki ef horft er til raunveruleikans. Ég mun nú fara í gegnum athugasemdir mínar lið fyrir lið.

1. Fjölgun bílastæða er mótmælt og óskað eftir betra skipulagi þeirra.

- a. Hið nýja deiliskipulag fjölgar bílastæðum umtalsvert frá því sem þau eru í raunveruleikanum. Bílastæði innan deiliskipulagssvæðisins eru núna 78 en í þessu nýja skipulagi fjölgar þeim upp í 84. Það er akkúrat engin þörf á að fjölga stæðum á þessu svæði og gengur þvert gegn stefnu borgarinnar og yfirlýstu markmiði þessa nýja deiliskipulags. Fjölgunin er fyrst og fremst meðfram Hofsvallagötu, þar sem nýja skipulagið gerir ráð fyrir nýrri röð bílastæða sem myndu ná inn í garðinn umhverfis laugina. (Sjá mynd 1). Lagt er til að öllum þessum nýju bílastæðum verði sleppt og þau ekki sýnd á deiliskipulaginu.




Mynd 1.

- b. Fyrir utan fjölgun stæða gerir nýja skipulagið ráð fyrir því að stækka verulega yfirráðasvæði bíla og malbikað stæði undir þá. Þannig eru áætlanir um að stækka verulega bílastæðið neðst í bílastæðagötunni, nærri fyrirhuguðu hundagerði og grendargámunum, á kostnað græns svæðis. Því er hér harðlega mótmælt og frekar lagt til að svæðinu sé haldið óbreyttu frá því sem nú er og engum stæðum bætt við sunnan þessarar botlangagötu og grænu svæðin fái áfram að vera græn og umfang bílaplansins alls ekki stækkað frá því sem nú er. Sömuleiðis er mikilvægt að girða af græna svæðið til að bílar leggi ekki inni í




almenningsgarðinum eins og nú er gert og augljóslega má sjá á myndinni af svæðinu sem birtist í borgarvefsjá.

- c. Í nýja deiliskipulaginu er gengið á svæðið við biðstöð leiðar númer 15 við Hofsvallagötu og henni ýtt fram í gangstéttina, ef eitthvað er að marka uppdráttinn. Því er mótmælt og frekar lagt til að graseyjan sem biðstöðin stendur á verði stækkuð.
- d. Lagt er til að í nýja deiliskipulaginu verði þrjú bílastæði fjarlægð á móts við gönguleiðina yfir Hofsvallagötu milli Kaffihúss Vesturbæjar og Hagavagnsins/Sundlaugar Vesturbæjar. Þessi gönguleið er mjög mikið notuð og ætti raunar hiklaust að vera skilgreind gangbraut. Þegar gangandi vegfarendur koma yfir götuna á leið að sundlauginni þyrfti gönguleiðin að halda beint áfram þannig að hún væri bein og breið yfir bílastæðið og rakiðis að nýgerðum göngustíg framhjá Hagavagninum að nýju torgi og svo áfram að sundlauginni. Þetta er auðvelt að gera með því að fjarlægja þrjú bílastæði, eins og sýnt er á mynd 2. Mér er kunnugt um að eigendur Hagavagnsins eru mjög áfram um að þetta verði gert, hafa gefið mér umboð til að óska eftir þessu fyrir þeirra hönd.



Mynd 2

2. Grenndargámum á deiliskipulaginu er fagnað. Þeir hafa verið á hálfgerðum veggangi, stundum settir niður hálfir ofan á göngustíginn og umhverfi þeirra almennt heldur ósnyrtilegt. Fagnaðarefni að þeir skuli fá ákveðinn stað á deiliskipulagi.
3. Gangstéttir eru færðar til verri vegar í nýja skipulaginu. Af einhverjum ástæðum er göngustígur sem núna er sunnan við bílastæðabotnlangann niður að grenndargámum og hundagerði fjarlægður í nýja deiliskipulaginu. Ástæðan er hugsanlega sú að nýja deiliskipulagið gerir ráð fyrir að malbika græna svæðið og stækka bílplanið. Það er svo galin hugmynd að ekki verður öðru trúað en að horfið verði frá því. Frekar en að fjarlægja þessa gönguleið er mikilvægt að styrkja hana, enda mjög mikið notuð alla leið frá Hofsvallagötu út á KR svæði, framhjá sundlauginni og Vesturborg. Hún er mjög mikilvæg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í hverfinu og mætti gjarnan efla hana fyrir báða hópana.
4. Hundagerðið. Ekki veit ég hver það um þetta



Mynd 3

hundagerði eða hvers vegna það er sett þarna. Sem hundaeigandi í hverfinu í 10 ár hef ég aldrei heyrt nokkurn mann biðja um svona hundagerði. Þetta gagnast ekki stórum hundum og af svona litlum hundagerðum er gjarnan bæði ónæði og óþrifnaður. Miklu skynsamlegri leið er að skilgreina stærri svæði sem leyfileg svæði til að sleppa hundum lausum, t.d. á tilteknum tímum. Svæðið umhverfis Vesturbæjarlaug hefur verið þannig svæði í áratug og ekki hlotist nein vandræði af. Ágætt samfélag hundaeigenda hefur skapast þar - og ég sé að fulltrúi Flokks fólksins óskaði sérstaklega eftir því að leitað yrði eftir samráði við hundaeigendur um þetta hundagerði, en hafi það verið gert hefur það farið framhjá mér og öllum þeim hundaeigendum sem ég hef rætt við síðan þetta skipulag var auglýst. Því má svo bæta við að staðurinn sem sýndur er fyrir hundagerðið í nýja deiliskipulaginu fer ekki bara yfir fallegan gróðurlund sem borgin setti niður fyrir örfáum árum, heldur einnig inn á mikið notað leiksvæði sunnan gróðursins. Því leiksvæði er síðan einhvernvegin hliðrað til líka, sem erfitt er að sjá þörfina á. Ég legg til að þessu hundagerði verði sleppt enda engin þrýði af því en hundaeigendum frekar leyft að hafa hunda sína lausa á túninu á tilteknum tímum.

5. Annað olnbogabarn sem birtist í þessu nýja deiliskipulagi sem ég vil mótmæla er hjólabraut sem þar er sýnd. Brautin var sett niður í óþökk allra nágretta á Einimelnum (þetta er í bakgarðinum hjá þeim) og þeirra sem um árabíl hafa notað þetta tún sem útivistarsvæði, hvort sem um er að ræða foreldra með börn í leiktækjunum, unglinga að hittast og borða saman ís eða fagna próflokum, foreldra með börn í sleðabrekunni að vetri eða hverra sem er. Hjólabrautin var kosin í íbúakosningu eftir að innflytjandi slíkra brauta lagði til að borgin fjárfesti í einni slíkri. Þegar til kastanna kom vildi enginn hafa slíka braut nálægt sér og í vandræðum sínum setti borgin hana niður inni í þessum garði - enda hefur það verið landlægur misskilningur hjá þeim sem ekki þekkja til að þessi garður sé vannýttur. Hann er þvert á móti einn best nýtti almenningsgarður borgarinnar. Hjólabrautin var óvelkominn gestur enda engir hjólastígar sem að honum liggja og hann satt best að segja eins og útúr kú þarna. Hvers vegna var hann ekki settur á eitt af fjölmörgum vannýttum bílastæðum borgarinnar? Ég legg til að bráðabirgða-hjólabraut eins og þessi er, verði ekki sýnd á deiliskipulagi enda vafalítið ekki langur líftími sem hún á sér á þessum stað.
6. Að lokum tel ég að lóðamörk sundlaugarinnar ættu að færast út að gangstéttinni við Hofsvallagötu, suð-austanmegin. Ef ákveðið verður að reisa nýbyggingu á B reit, ætti grunnflötur hennar að ná út að götu/gangstétt til að styrkja götummyndina á þessum stað sem hjarta hverfisins. Þá er hægt að hafa þjónustu á neðstu hæð sem myndi kallast á við Melabúðina, Kaffihús Vesturbæjar og Brauð&co, en þessi hús eru ekki inndregin frá götunni eins og nýja skipulagið gerir ráð fyrir að nýbygging laugarinnar yrði, heldur mynda eins konar aðalgötu-umhverfi, sem nýbygging sundlaugarinnar ætti að taka þátt í.

Það er mikið tækifæri fyrir borgina að gera svæðinu umhverfis Vesturbæjarlaug til góða. Mér er til efs að nokkur staður utan miðborgina dragi til sín jafn margt fólk gangandi og hjólandi að njóta borgarinnar. Frekar en að leggja til atlögu gegn því með fjölgun bílastæða og brotthvarfi mikilvægra göngustíga ætti að gera allt svæðið miklu aðgengilegra fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Þótt það sé utan þessa deiliskipulagssvæðis ætti t.d. Hofsvallagatan á milli Hagamels og Neshaga öll að vera skipulögð sem vistgata eða torg enda stöðugur straumur barna yfir götuna á þessum stað og oft hefur litlu mátt muna að alvarleg slys yrðu.

Með kveðju,  
Gísli Marteinn Baldursson.

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:

***Umsögn fulltrúa í íbúaráði Vesturbæjar um  
deiliskipulagstillögu***

Á fundi íbúaráðs Vesturbæjar þann 20. maí 2020 var lögð fram af vef Reykjavíkurborgar ódags., tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu, sbr. 4. lið fundargerðar sama dag.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi íbúasamtaka og fulltrúi foreldrafélaga í ráðinu lögðu fram sameiginlega umsögn.

Virðingarfyllst

Heimir Snær Guðmundsson

Hjálagt:

Umsögn fulltrúa Pírata, fulltrúa íbúasamta og fulltrúa foreldrafélaga

**Bréf fulltrúa Pírata, fulltrúa íbúasamtaka og fulltrúa foreldrafélaga í íbúaráði Vesturbæjar sent skipulagsfulltrúa 12. maí 2020**

Kæri skipulagsfulltúi,

Íbúaráð Vesturbæjar hefur ekki náð að ræða deiliskipulagstillöguna á fundi vegna samkomubanns. Eftirfarandi athugasemdir koma aðeins frá undirrituðum nefndarmönnum.

Við teljum að það komi vandi frá útfærslu í Mitt Hverfi þar sem íbúar fengu ekki möguleika til að kjósa á móti þeim tillögum sem þeir telja slæmar. Þar sem mjög skiptar skoðanir eru um staðsetningu á hundagerði við Vesturbæjarlaug er ekki hægt að sjá hlutfallslegan stuðning íbúa við þetta verkefni. Við teljum ekki rétt að setja hundagerði í framkvæmd fyrr en skoðanakönnun hefur sýnt fram á að meirihluti íbúa sé sáttur við hana.

Eðlilegt er að íbúar geti einnig haft skoðun á vali milli mismunandi svæða sem geta gengið undir hundagerði. Hugsanlega eru önnur svæði sem henta fólki og dýrum betur. Ef hundagerðið verður gert að veruleika þarna í óþökk meirihluta íbúa gæti einnig farið þannig að í næstu kosningum í Mitt Hverfi verði samþykkt tillaga um að breyta hundagerðinni í annað (t.d. grænt svæði). Það væri mjög slæmt ef verkefnið Mitt Hverfi færi út í slíkan slag milli íbúa.

Við leggjum því til að deiliskipulagstillagan af hundagerðinu verði lögð til hliðar um óákveðinn tíma þar til vilji íbúa hefur verið staðfestur.

Í ljósi þess að margir nýtingarmöguleikar eru á svæðinu í kringum Vesturbæjarlaug og að íbúar eru ekki sammála um hvað eigi að ganga fyrir, þá leggjum við til að gerðar verði nýjar tillögur af mismunandi útfærslum sem sýna notkun alls svæðisins með leiktækjum, gróðri og aðstöðu fyrir íbúa. Og að í framhaldi verði gerð skoðanakönnun sem sýni fram á að verkefnið sé með stuðning meirihluta íbúa áður en það verður sett í framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Birgir Þ. Jóhannsson, formaður  
Ásta Olga Magnúsdóttir, varaformaður  
Björn Karlsson



Reykjavík 26. maí 2020

Skipulags- og samgönguráð

**Efni: Svör við athugasemdum vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Vesturbæjarsundlaug - Hofsvallagata 54**

*Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 21. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. Í breytingunni felst að komið er fyrir hundagerði á lóðinni, núverandi grenndargámastöð er fest í sessi og bílastæðum fækkað lítillega, samkvæmt uppdr. Eflu dags. 20. febrúar 2020.*

Tillagan var auglýst frá 31. mars 2020 til og með 12. maí 2020.


Eftirtaldir sendu athugasemdir:

- 1) Anna K. Sigurðardóttir forstöðumaður Vesturbæjarlaugar og Nauthólsvíkur dags. 30. mars 2020
- 2) Þórhallur Ólafsson dags. 17. apríl 2020
- 3) Júlíana Björnsdóttir og fjölskylda dags. 19. apríl 2020
- 4) Ingunn A. Ingólfssdóttir dags. 19. apríl 2020
- 5) Sigurður Oddgeir Sigurðsson dags. 20. apríl 2020
- 6) Drífa Hansen dags. 21. apríl 2020
- 7) Guðrún Þórarinsdóttir, 21. apríl 2020
- 8) Ástrós Eva Einarsdóttir dags. 21. apríl 2020
- 9) Sunna Sasha dags. 21. apríl 2020
- 10) Aldís Amah Hamilton dags. 21. apríl 2020
- 11) Alda Sigmundsdóttir dags. 22. apríl 2020
- 12) Sigurlaug Bragadóttir dags. 24. apríl 2020
- 13) Vala Árnadóttir dags. 24. apríl 2020
- 14) Fríða Þorkeldsdóttir dags. 24. apríl 2020
- 15) Ívar Kristjansson dags. 25. apríl 2020
- 16) Berglind Borgþórsdóttir dags. 25. apríl 2020
- 17) Ásdís Elva Pétursdóttir dags. 26. apríl 2020
- 18) Ingibjörg Anna Arnarsdóttir dags. 27. apríl 2020
- 19) Freyja Kristinsdóttir f.h. stjórnar FÁH dags. 29. apríl 2020
- 20) Ólafur Hauksson dags. 5. maí 2020
- 21) Jón Skaftason dags. 11. maí 2020
- 22) Páll Kristjánsson formaður Knattspyrnudeildar KR dags. 11. maí 2020
- 23) Ásgerður Ragnarsdóttir og Stefán A. Svensson dags. 11. maí 2020
- 24) Jón Eiríksson og Þórunn Þórisdóttir dags. 12. maí 2020
- 25) Birgir Þ. Jóhannsson, Ásta Olga Magnúsdóttir og Björn Karlsson dags. 12. maí 2020
- 26) Gísli Marteinn Baldursson dags. 12. maí 2020
- 27) íbúaráð Vesturbæjar dags. 22. maí 2020

## Samantekt á helstu athugasemdum

Skiptar skoðanir eru á því hvort hundagerði eigi erindi á túnið við Vesturbæjarlaug. Íbúaráð Vesturbæjar hefur lýst því yfir að gera ætti skoðanakönnun áður en ákvörðun er tekin og staðfesting komi fram um að meirihluti íbúa sé sáttur við umrætt hundagerði á svæðinu. Nokkrar áhyggjur hafa einnig verið settar fram um að hundagerði á einu helsta útivistarsvæði Vesturbæjar og nálægð við sundlaug og leiksvæði fyrir börn fari ekki saman. Einnig hafa komið fram ábendingar um að um fara í frekari valkostagreiningu um önnur hentug svæði í Vesturbænum. Í athugasemdum er talsvert bent á að tillaga að stærð á umræddu hundagerði á svæðinu sem er um 400 fm sé allt of lítið til að það nýtist hundum til að hlaupa og leika sér. Staðsetning hundagerðisins sé jafnframt ekki í samræmi við niðurstöður íbúakosningar árið 2018, en m.v. innsendar athugasemdir þá var verið horft til þess svæðis sem nú er hjólabraut. Umtalsvert af athugasemdum beinast að því að umrædd hjólabrautar taki of stóran hluta af túninu og vilja margir að hún víki.

Önnur helstu atriði við auglýsta tillögu er m.a. að nýta eigi svæðið einnig sem sparkvöll fyrir KR-inga sem geti þannig áfram haft aðstöðu þar á vissum árstímum. Einnig eru athugasemdir varðandi bílastæði á uppdrætti. Forstöðumaður Vesturbæjarsundlaugar bendir á bílastæðaskort og vill fjölga stæðum og að sérstaklega vanti stæði fyrir skólarútur. Staðsetning grenndargáma skv. tillögunni mætti jafnframt vera betri. Samkvæmt gildandi skipulagi þá er heimild fyrir 105 stæðum, en þeim er fækkað í 84. Athugasemdarkaði bendir á að skv. núverandi fyrirkomulagi á svæðinu þá séu 78 stæði á lóðinni og finnst það ganga gegn stefnu borgarinnar í bílastæðamálum. Jafnframt er bent á ýmis önnur útfærslu og hönnunatriði sem er gott að hafa til hliðsjónar þegar kemur til framkvæmda á svæðinu.



Auglýst tillaga

---

**Svör:** Í ljósi þeirra athugasemda og viðbragða sem komið hafa fram um tillögu að nýju hundagerði á lóð Vesturbæjarsundlaugar er lagt til að fallið verði frá henni í þeirri mynd sem hún var auglýst. Hundagerði af þeirri stærð sem lagt var upp með myndi eingöngu þjóna takmörkuðum hópi hundaeigenda þ.e. smærri hundum. Fyrir liggur að hundagerði á lóð Vestubæjarlaugar er mjög umdeilt og ekki er einhugur um að umrætt svæði henti fyrir hundagerði almennt þar sem nú þegar er talsverð skörun á fjölbreyttri nýtingu svæðisins til útivistar, afþreyingar og leikja. Því er lagt til að aðrar staðsetningar í hverfinu fyrir hundagerði verði skoðaðar frekar. Jafnframt er lagt til að farið verði í heildarendurskoðun á deiliskipulagi Vesturbæjarsundlaugar sem komið er til ára sinna og nýting alls svæðisins rýnd og endurmetin s.s. hvað varðar aðkomu og bílastæði, aðstöðu til afþreyingar, útivistar og leikja o.s.fr.

### **Niðurstaða**

Lagt er til að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarsundlaugar, vegna hundagerðis verði dregin til baka og ráðist verði í heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins með það að markmiði að samræma enn betur fjölbreytta nýtingu svæðisins.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs  
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson**